

45
30. júní

AUGLÝSING

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um nýja radiótíðnalista.

Hinn 30. maí 1953 samþykkti Ísland alþjóðasamning um undirbúning og gildistöku hins nýja radió-tíðnalista fyrir hinar ýmsu þjónustur í tíðnasviðum milli 14 krið/sek. og 27500 krið/sek. í því skyni að koma í framkvæmd Atlantic City skránni um tíðna-úthlutanir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. júní 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

46
30. júní

AUGLÝSING

um aðalbækistöðvar Atlantshafsbandalagsins.

Hinn 11. maí 1953 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent fullgildingarskjal Íslands að samkomulagi varðandi aðalbækistöðvar Atlantshafsbandalagsins, sem undirritað var fyrir Íslands hönd í París 28. ágúst 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. júní 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

47
7. júlí

TILSKIPUN

um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, eru hér með settar eftirfarandi reglur:

Kafli A. — Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

- a) Eftir þessum reglum skulu fara öll skip og sjóflugvélar á hafi úti og á öllum leiðum, sem eru í sambandi við það og eru færar hafskipum, með þeim undantekningum, sem getið er í 30. gr. Ef sjóflugvélar eru þannig gerðar, að þær geta ekki að öllu hlýtt fyrir mælum reglnanna um fyrirkomulag ljósa og bendingamynda, skal þeim fylgt eins nákvæmlega og unnt er.